

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 4. nóvember 2021
UST202110-024/B.S.
10.05.05

Efni: Framkvæmdaleyfi - Hrunamannafréttur - borun vinnsluholu. Umsögn

Vísað er til er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita dags. 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um framkvæmdaleyfi til að bora vinnsluholu í Kerlingarfjöllum.


Fram kemur í greinargerð að ætlunin sé að bora nýja borholu við hlið eldri holu og nýta vatnið til upphitunar húsa og potta.

Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum sem bárust 4. nóvember þar sem fram kemur að lögn frá borholunni er þegar til staðar og þess er vænst að unnt verði að tengja nýja borholu við þessa lögn og því sé ekki þörf fyrir frekari aðgerðum í tengslum við nýtingu vatns úr borholunni.

Umrædd framkvæmd og nýting er í raun viðhald á ástandi sem hefur verið á þessu svæði og kallar ekki á frekara rask þar sem lagnir eru til staðar og borað verður frá plani sem þegar er fyrir hendi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd en sækja þarf sérstaklega um leyfi Umhverfisstofnunar til að ráðast í framkkvæmdina.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur